

Sp. **595. Nefndarálit** [17. mál]
um till. til þál. um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt á nokkrum fundum sínum tillögu á þskj. 17. Nefndin hefur fengið nokkrar umsagnir, sem yfirleitt eru ekki jákvæðar. Nefndin hefur hins vegar ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég legg hins vegar til, að tillögugreinin verði umorðuð.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á því sérstaka athugun, hvort hægt sé að efla atvinnumál í Norðurlandskjördæmi vestra og með hvaða hætti, má t. d. nefna með samvinnu eða samruna atvinnufyrirtækja.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Pétur Pétursson.